

Kennsluáætlun

2. Bekkur

Hönnun og Smíði

Markmið

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfu einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur kynnist fjölbreyttum efniviði, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald og nýtist honum í áframhaldandi námi. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra en gefi þeim um leið persónulegt útlit.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Nemendur fá þjálfun í að vinna eftir ákveðnu hönnunarferli í Hönnun og smíði. Þ.e. að fá hugmynd, koma henni frá sér í formi skissu eða vinnuteikningar sem svo er smíðað eftir. Þannig fá nemendur þjálfun í að fylgja hugmyndum sínum eftir allt frá hugmynd að lokaafurð.

Kennari leggur inn verkefni, fer yfir þau verkfæri og vinnuaðferðir sem nota á í hverju verkefni með sýnikennslu, útskýringum og fer yfir öryggisþætti t.d. hlífðarbúnað og vinnustellingar. Í þessu ferli myndast oft umræða þar sem nemendur greina frá þekkingu sinni og spyrja frekari spurninga. Þegar nemendur hefja vinnu gengur kennari á milli nemenda og aðstoðar eftir þörfum.

Námsmat

Námsmat fer fram í vefkerfinu Mentor.is þar sem lögð eru fyrir ákveðin matsviðmið úr Aðalnámskrá. Kennari metur og skráir inn færni nemenda í hverjum þætti fyrir sig.

Matið er skráð með litakvarða þar sem;

Blátt = Framúrskarandi

Grænt = Hæfni náð

Gult = Á góðri leið

Rautt = hæfni ekki náð

Viðmið og mat kennara miðast við aldur og fyrri getu nemenda og eru unnin upp úr Aðalnámskrá grunnskólana eins og áður segir.

Námsgögn

Notast er við efni og verkefni frá kennara.

Nemendur nota helst hamar og nagla, sög, tommustokk, trélím, liti, skissubækur, borvél og sandpappír. Frjáls verkefni kalla á notkun annarra verkfæra.